

til 15. gr. laga frá 16. desbr. 1885, því það er greinilega tekið fram í brjefinu að fjárnám megi gera samkvæmt því „án undan-gengins dóms eða sáttar“. 15. gr. laganna virðist ekki gefa til-efni til þess að hún sje skilin svo að tilvísun í hana sje nauðsyn-leg, og má í því sambandi vísa í yfirrjettardóm uppkveðinn 1. desbr. 1913, bls. 200 í IX. bindi landsyfirrjettardómanna. Mót-mæli umboðsmanns gjörðarþola sem bygd eru á þessu verða því ekki tekin til greina. Kröfur gjörðarbeiðanda um innheimtulaun af þeirri upphæð veðskuldabryfsins sem viðurkent er að þegar sje greiddur, og um vaxtavexti af eftirstöðvum þess, verða ekki gegn eindregnum mótmælum gjörðarþola teknar til greina og þar sem gjörðarbeiðandi hefir ekki krafist dráttarvaxta verður að reikna honum 6% ársvexti af eftirstöðvum veðskuldabryfsins frá 1. jan. 1921 til greiðsludags. Þóknun gjörðarbeiðanda fyrir að láta mæta við fjárnám þetta þykir hæfilega tiltekin kr. 60,00.

Föstudaginn 25. mars 1927.

Nr. 87/1926.

Rjettvísín (L. Fjeldsted)
gegn

Kristjáni Daða Bjarnasyni
(Jón Ásbjörnsson).

Hlutdeild í innbrotspjófnaði.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 5. nóv. 1926 í málinu: Rjettvísín gegn Siggeiri Siggeirssyni og Kristjáni Daða Bjarnasyni: Ákærður Siggeir Siggeirsson sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár.

Kærður Kristján Daði Bjarnason sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 100 daga og greiði hinum skipaða talsmanni sínum hjer fyrir rjettinum, hrmflm. Jóni Ásbjörnssyni kr. 35,00 í málsvarnarlaun.

Hinir ákærðu greiði hvor um sig sinn varðhaldskostnað en annan kostnað sakarinnar greiði Siggeir að $\frac{2}{3}$ og Kristján að $\frac{1}{3}$.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með eigin játningu sakbornings og öðrum skýrsl-um í málinu er það sannað, að ákærði Kristján Daði

Bjarnason hefir síðastliðið sumar orðið ásáttur Siggeiri Siggeirssyni um að stela vínföngum úr húsinu nr. 8C við Bergstaðastræti hjer í bænum og að hann stóð vörð í húsinu meðan Siggeir dyrkaði þar upp læst herbergi og stal 7 flöskum af víni úr læstri hirslu og tók ákærði þar við tveimur flöskum af þýfinu, flutti þær á burt með sjer og neytti nokkurs af víninu ásamt Siggeiri. Þetta afbrot ákærða, sem einu sinni áður hefir verið dæmdur fyrir stórpjófnað, er af undirrjettardómaranum rjettilega heimfært undir 232. gr. 2. málsg. sbr. 48. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir hæfilegt að ákveða refsingu hans 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti verður að fallast á aukarjettardóminn og ber því með þessari breytingu á refsingunni að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Það athugast, að prófun málsins er ófullkomin um það atriði, hvort ákærði hafi verið samsekur Siggeiri Siggeirssyni um stuldinn á Bergþórugötu 12 næstliðið haust, en ekki hefir þótt næg ástæða til að heimvísar málinu til nýrrar rannsóknar sökum þessa.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað, þó þannig, að refsing ákærða Kristjáns Daða Bjarnasonar ákveðst 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til

sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna
Lárusar Fjeldsted og Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr.
til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms um Kristján Daða Bjarnason:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Siggeir Siggeirssyni, sjómanni, Laugaveg 13 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og Kristjáni Daða Bjarnasyni, til heimilis í Selbúðum nr. 1 hjer í bænum, einnig fyrir brot gegn ákvæðum sama kap. sömu laga.

Málavextir eru þeir er nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðra, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu.

.....
Hinn 3. f. m. kl. 1—5 sídd. fór ákærður (Siggeir Siggeirsson) inn í húsið nr. 12 við Bergþórugötu, sem var ólæst. Hann vissi að stúlka ein, sem hann þekkir, hafði herbergi þar í húsinu. Ákærður hitti engan mann þarna í húsinu, en hurðin að herbergi stúlkunnar var lokað þannig, að hurðarhúnninn hafði verið tekinn úr að utan. Ákærður stakk þá vasahníf sínum í læsinguna og opnaði hurðina þannig. Hann fór síðan inn í herbergið og leitaði þar í saumavjel, sem hann vissi að stúlkan var vön að geyma peninga í og faun hann þar kr. 200,00 í peningum, sem hann tók, stakk á sig og hafði á burt með sjer. Sama kvöldið þegar lögreglan handsamaði ákærðan Siggeir Siggeirsson, hafði hann á sjer kr. 162,82 af þeim peningum, sem hann hafði stolið frá stúlkunni og hefir þessari upphæð verið komið til hennar.

Í sumar fór ákærður Siggeir Siggeirsson ásamt meðákærðum Kristjáni Daða Bjarnasyni heim til Ásgeirs Ásmundssonar, Bergstaðastræti 8 C, til að reyna að fá keypt af honum áfengi. Ásgeir var ekki sagður heima og tók ákærður Siggeir Siggeirsson sig því til, dyrkaði upp herbergi Ásgeirs þarna í húsinu, sem var læst, fór inn í herbergið, opnaði þar læsta kommóduskúffu og tók þaðan 5 flöskur af Spánarvínnum. Meðákærður Kristján Daði Bjarnason stóð fyrir framan hurðina á meðan og rjetti ákærður Siggeir honum 2 af flöskum þessum, sem ákærður Kristján stakk

á sig og neytti síðar. Ákærður Siggeir lokaði síðan herberginu og höfðu þeir sig sig því næst á burt.

.....
 Ákærður Kristján Daði Bjarnason var í gæsluvarðhaldi frá 8. til 13. f. m.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Siggeir er fæddur 26. sept. 1902, en Kristján 31. jan. 1902. Ákærður Siggeir Siggeirsson hefir með dómi aukarjettar Reykjavíkur uppkveðnum 1. desbr. 1920 verið dæmdur skilorðsbundið í 6×5 daga fangelsi við vatn og brand fyrir brot gegn ákvæðum 230. gr. og 231. gr. 4. lið sbr. að miklu leyti 55. gr. og 38. gr. og að nokkru leyti 65. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869. Ákærður Kristján Daði Bjarnason hefir einnig með sama dómi sama rjettar verið dæmdur í 12 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn ákvæðum 231. gr. 4. lið og 230. gr. sbr. að miklu leyti 55. gr. svo og 240. gr. sbr. 38. gr. hegningarlaganna. Dómi þessum var að því er ákærðum Kristjáni viðkemur skotið til hæstarjettar og var þar staðfestur með dómi þess rjettar uppkv. 4. apríl 1921.

Afbrot ákærðs Siggeirs Siggeirssonar, sem talin eru undir liðina 1—4 hjer að framan ber að áliti dómarans að heimfæra undir 232. gr. alm. hegningarlaga, en afbrot ákærðs Kristjáns Daða Bjarnasonar, sem talið er undir lið 4 ber að heimfæra undir sömu gr. 2. málsg. sbr. 48. gr. sömu laga.

.....
 Refsing sú, sem ákærður Kristján Daði Bjarnason hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðinn 100 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Kristján Daði Bjarnason greiði hinum skipaða talsmanni sínum hjer fyrir rjettinum hrmflm. Jóni Ásbjörnssyni kr. 35,00 í málsvarnarlaun.

Hinir ákærðu greiði hvor um sig kostnaðinn við sína varðhaldsvist og annan kostnað sakarinnar greiði Siggeir að $\frac{2}{3}$ en Kristján að $\frac{1}{3}$.

Iðgjalda hefir ekki verið krafist.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

